

**L Ö G****um ábyrgðarheimildir vegna lántöku Bjargráðasjóðs.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán sem Bjargráðasjóður tekur, allt að 1500 millj. kr. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi 1500 millj. kr. í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum sem ráðherra ákveður og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, verðtryggingar, vaxta og annars kostnaðar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*

**L Ö G****um sérstakan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði.****FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**1. gr.**

Eigendur þeirra fasteigna, sem nýttar eru við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, skulu á árinu 1980 greiða sérstakan eignarskatt til rikissjóðs.

**2. gr.**

Skattskyldan hvílir á þeim aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og auk þess á bönkum og innlánsstofnunum.

**3. gr.**

Stofn til sérstaks eignarskatts skal vera fasteignamatsverð í árslok 1979 á þeirri fasteign, sem nýtt er við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, ásamt tilheyrandi lóð, enda þótt um leigulóð sé að ræða, þó að frádregnu afgangskvaðarverðmæti leigulóðar sem skal telja sem stofn hjá eiganda hennar.

Ef fasteignamatsverð er ekki fyrir hendi skal miða við kostnaðar- eða kaupverð eignar eða áætlað fasteignamatsverð.

**4. gr.**

Við ákvörðun á því, hvaða eignir myndi stofn sérstaks eignarskatts, skal miða við raunverulega notkun fasteignanna í árslok 1979.

Sé sama eignin notuð við verslunarrekstur eða til skrifstofuhalds, en einnig til annarra nota, skal við ákvörðun á skattstofni skipta verðmæti eignarinnar hlutfallslega.

**5. gr.**

Með skattframtali 1980 skal fylgja skrá yfir eignir þær sem falla undir lög þessi, ásamt upplýsingum um heildarfasteignamatsverð, eða eftir atvikum kostnaðarverð þeirra, í árslok 1979. Ennfremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra, svo og upplýsingar um rúmmál þeirra eigna sem um er getið í 2. mgr. 4. gr.

Þeir aðilar, sem skattskyldir eru skv. 2. gr. laga þessara, en undanþegnir eru tekju- og eignarskattsskyldu, skulu fyrir 31. maí 1980 skila skráum skv. 1. mgr. til skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir eiga lögheimili.

**6. gr.**

Sérstakur eignarskattur skal nema 1,4% af skattstofni skv. 3. grein. Skattinn skal leggja á í heilum þúsundum króna þannig að lægri fjárhæð en 1 000 kr. sé sleppt. Sérstakan eignarskatt, sem ekki nær 100 000 kr., skal fella niður við álagningu.

**7. gr.**

Ákvæði VIII.—XIV. kafla laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, skulu gilda um álagningu og innheimtu sérstaks eignarskatts, eftir því sem við á, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum þessum.

**8. gr.**

Skatt samkvæmt lögum þessum má draga frá tekjum rekstrarársins 1980 sem rekstrarútgjöld við álagningu tekjuskatts og útsvars á árinu 1981. Þá er skatturinn til frádráttar eignum við ákvörðun eignarskatts samkvæmt lögum nr. 40/1978, með síðari breytingum, eftir reglum lokaákvæðis 1. mgr. 76. gr. þeirra laga.

**9. gr.**

Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

**10. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1980.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við ákvörðun tekjuskatts og útsvars á árinu 1980 er heimilt að draga frá tekjum ársins 1979 sem rekstrarútgjöld skatt þann er lagður var á samkvæmt lögum nr. 112/1978, um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnaði.

*Gjört í Reykjavík 23. maí 1980.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Ragnar Arnalds.*